

AUGLÝSING

um breyting á byggingarsamþykkt Reykjavíkur
nr. 39 24. mars 1965.

1. gr.

Aftan við 94. gr. bætist:

Um glerflöt glugga í skólahúsum gilda ákvæði 2. ml. 1. mgr. 81. gr. Byggingarnefnd getur þó leyft minni glerflöt, en háð er slíkt leyfi sérstöku samþykki heilbrigðismálaráðs.

Samþykktarbreyting þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 31. október 1944, um byggingarmálefni Reykjavíkur, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 6. desember 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 373.

10. desember 1974.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga,
nr. 387 27. desember 1973.

a-liður 4. gr. orðist þannig:

Fastagjald, kr. 450.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b-liður 4. gr. orðist þannig:

Vatnsgjald, kr. 900.00 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra á hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 1. janúar 1975 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 10. desember 1974.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 374.

28. nóvember 1974.

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, er hér með ákveðið að bifreiðastöður skuli vera bannaðar við Álfaskeið norðan megin götunnar, milli Arnarhrauns og Erluhrauns.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 15. desember 1974.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 28. nóvember 1974.

Einar Ingimundarson.